

# Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE3BS05. Hópur 2. Bókmenntir síðari alda (Fjarnámsáfangi) Undanfari: ÍSLE3BF05.
Kennari:	Jakob Bragi Hannesson
Önn:	Haustönn 2022
Áætlun unnin:	Haust 2022

## Markmið:

### Þekkingarmarkmið:

*Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:*

- merkingu hugtakanna lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir
- áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir og málfar tímabilsins
- nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins
- textum frá tímabilinu og átti sig á einkennum þeirra
- algengum bragreglum og helstu bragarháttum
- algengustu stílbrögðum í texta, bæði bundnu máli og óbundnu
- tökuorðum, slettur og slangri frá ýmsum tímum sögunnar
- helstu baráttumönnum íslenskrar málhreinsunar frá tímabilinu og skilji hvað felst í hugtakinu hreintungustefna
- vinni að bókmenntakynningum, m.a. til að vekja athygli á áhrifum tiltekinna menningarstrauma og –stefna á textana og málfarlegum einkennum þeirra

### Leiknimarkmið:

*Nemandi skal hafa öðlast leikni í:*

- að greina mismunandi einkenni bókmennta frá tímabilinu 1550-1900
- að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda
- að greina stílbrögð í texta
- að átta sig á mismunandi bragarháttum og bragreglum

### Hæfnimarkmið:

*Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:*

- fjalla um höfunda og verk tímabilsins í ræðu og riti
- átta sig á áhrifum erlendra menningarstrauma á íslenskar bókmenntir

sem metið er með:

Leiðsagnarmati. Fjórðungur (25%) einkunnar allra ritunarverkefni er fyrir réttitun og málfar.

<b>Námsefni:</b>	<p>Bragi Halldórsson, Knútur Hafsteinsson og Ólafur Oddson. 2005: <i>Ormurinn langi</i>. Bjartur, Reykjavík.</p> <p>Póra Karitas Árnadóttir. 2020. <i>Blóðberg</i>. JPV útgáfa. Reykjavík.</p> <p>Annað efni í samráði við kennara.</p> <p><b>Handbækur og hjálparefni:</b>          Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2010. <i>Handbók um ritun og frágang</i>. (10.útgáfa). Mál og menning, Reykjavík          Kröfur FSN til verkefna- og ritgerðavinnu:  <a href="http://m3.fsn.is/course/view.php?id=43">http://m3.fsn.is/course/view.php?id=43</a></p>
------------------	---

### Námsmat:

Námsmat byggir á leiðsagnarmati þar sem nemandinn fær endurgjöf á það sem vel er gert ásamt ábendingum um það sem betur má fara. Ekki er gefið að öll verkefni nemenda gildi til einkunnar. Leitast er við að hafa námsmat sem fjölbreyttast til þess að sýna rétta mynd af þekkingu, leikni og hæfni nemenda.

Prófseinkunn (40 %):	Kannanir – munnlegar og/eða skriflegar <span style="float: right;">40%</span> Lærdómsöld= Munnleg könnun= <b>15%</b> Blóðberg Skrifleg könnun= <b>13%</b> Rómantík= Skrifleg könnun= <b>12%</b>
Verkefnaeinkunn (60%):	Verkefni úr <i>Orminum langa</i> , ásamt lokaverkefni <span style="float: right;">45%</span> Lestur og verkefni úr <i>Blóðberg</i> . <span style="float: right;">15%</span>  Athugið að 25% af einkunn allra ritunarverkefna er fyrir réttritun og málfar. Því er mikilvægt að nýta tiltækar ritbjargir og handbækur.

### Skipulag náms:

#### Námstilhögun:

Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna mestmegnis einstaklingsverkefni en einstaka verkefni má vinna í pörum. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður símat alla önnina. Ekki er þó gefið að öll verkefni sem nemandi skilar, gildi til einkunnar. Nánar um verkefni og yfirferð hverrar viku er hægt að sjá í kennslukerfinu (Moodle) en efni sérhverrar viku og skil fara fram í gegnum kerfið. Mikilvægt er að kunna að nota Moodle eða leita aðstoðar hjá kennurum og/eða samnemendum. Gerð er sú krafa að nemendur fari reglulega inn í kennslukerfið og lesi fyrirmæli og skilaboð sem þar birtast.

#### Um skilafrest og vanskil:

Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum það er því mjög mikilvægt að mæta í allar kannanir/próf og skila öllum verkefnum á

réttum tíma. Ekki er tekið við verkefnum eftir auglýstan skilafrest. Sjá nánar reglur um skilafrest: <http://m3.fsn.is/>

#### Um próf:

- Nokkrar kannanir verða í áfanganum ýmist munnlegar eða skriflegar

#### Fjarnám

##### Mikilvægar upplýsingar:

Áfanginn er kenndur í **fjarnámi** og er mikilvægt að nemendur temji sér sjálfsaga og vinni jafnt og þétt yfir önnina. Í byrjun vikunnar á Moodle er kynning á efni vikunnar og öllu því sem gert er í sérhverri viku/vikum. **Kynningingar eru í formi upptaka þar sem kennari útlistar efni vikunnar/viknanna og verkefnin sem á að vinna.** Verkefni skilast ýmist vikulega eða á tveggja vikna fresti og skilafrestur í fjarnámi er ávallt eina mínútu fyrir miðnætti á sunnudögum. Alltaf er hægt að ná í kennara á Teams og/eða tölvupóstfanginu [jakob@fsn.is](mailto:jakob@fsn.is). Það er um að gera að hafa samband ef eitthvað vefst fyrir ykkur eða ef þið eruð óörugg með eitthvað. **Síðan er upplagt að búa til hópa þar sem þið getið varpað fram spurningum og fengið hjálp hvert frá öðru.**

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð	Skil á verkefnum/kannanir
33. vika 14-20 ág.	18. ágúst – Fyrsti kennsludagur	
34. vika 21-28 ág.	Kynning á kennsluáætlun. Upptaka á Moodle. Kennari fer yfir helstu þætti námsins. <b>Lærdómsöld 1550-1750</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 183 - 245	
35. vika 29.ág – 4. sept.	<b>Lærdómsöld 1550-1750</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 183 - 245	
36. vika 5-11 sept.	Framhaldsdeild <b>Lærdómsöld 1550-1750</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 183 – 245 Lestur á bókinni <b>Blóðberg</b> hefst. Lesa bls. <b>9-68</b> að 8. kafla.	
37. vika 12-18 sept.	<b>Lærdómsöld 1550-1750</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 183 – 245 Lesu bls. 127-173 í <b>Blóðberg</b>	
38. vika 19-25. sept.	Námsmat (23.sept) Lesu bls. 69-126 í <b>Blóðberg</b> <b>Lærdómsöld 1550-1750</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 183 – 245	<b>Könnun úr lærdómsöld 15%. Munnlegt á Teams</b>  <b>Könnun úr Blóðberg 13% Skriflegt heimapróf</b>
39. vika 26. sept. – 2. okt.	Námsmat (26.sept) <b>Upplýsingaöld 1750-1820</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 245-289	
40. vika 3-9. okt.	<b>Upplýsingaöld 1750-1820</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 245 - 289	

41. vika 10-16 okt.	<b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353	
42. vika 17-23. okt.	<b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353	
43. vika 24 -30. okt.	<b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353 Framhaldsdeild	
44. vika 31 okt. – 6. nóv.	<b>Rómantíska stefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353 Námsmat (31.okt-1.nóv) Haustfrí 2. nóvember-4 nóvember	
45. vika 7-13. nóv.	<b>Raunsæisstefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353	Könnun úr rómantísku stefnunni. 12%. Skriflegt heimapróf.
46. vika 14-20. nóv.	<b>Raunsæisstefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353	
47. vika 21-27. nóv.	<b>Raunsæisstefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 269-353	
48. vika 28. nóv -4. des.	<b>Raunsæisstefnan 1820-1900</b> <i>Ormurinn langi</i> bls. 353-410	
49. vika 4 -11 des.	LOKAVERKEFNAVIKA Framhaldsdeild	
50. vika 12 – 18. Des.	Úrvinnsla og námsmat Útskrift 16. des	

Birt með fyrirvara um breytingar [jakob@fsn.is](mailto:jakob@fsn.is)